# AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

## Breyting á aðalskipulagi: Héraðsreiðleið RH7

**SKÝRINGAR**

**LANDNOTKUN**

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörksmörk
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Önnur náttúruvernd (ÓN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsbólasvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Hindranaflötur flugvallar (HF)

**ÞJÓNUSTUKERFI**

- Stofnvegir (V.nr.)
- Tengivegir (V.nr.)
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Stofnreiðleiðir (RS)
- Héraðsreiðleiðir (RH)
- Gönguleiðir (GL)
- Göngu- og hjólastígar (GH)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Ljósleiðari
- Fjarskiptasendar

**ALMENNAR SKÝRINGAR**

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar
- Eyðibýli




GILDANDI AÐALSKIPULAG M.S.BR.
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000




BREYTT AÐALSKIPULAG
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000

Breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, sem öðlaðist gildi 22.03.2019, felst í eftirfarandi:

*Forsendur*

Í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er gert ráð fyrir reiðleið RH7 meðfram Eyjafjarðarbraut eystri sem ráðgert er að endi við gatnamót vegarins við Miðbraut. Miðað við þessa legu reiðleiðarinnar þurfa reiðmenn að fara meðfram Miðbraut niður Laugalandsbrekku til að komast að næsta reiðvegi þar sem RH7 lýkur. Fyrir hendi er reiðvegur sem landeigandi hefur útbúið í landi Brúna (landnúmer L152581) sem liggur frá Miðbraut skáhallt upp að Eyjafjarðarbraut eystri sem nýst getur sem reiðleið upp Laugalandsbrekkuna.

*Markmið*

Í kafla 7.3 greinargerðar Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er lýst markmiði um að umferð ríðandi manna skuli flytjast af akvegum og á sérstaka reiðvegi. Með að hliðra nyrsta hluta reiðleiðar RH7 þannig að hún liggi eftir reiðvegi sem fyrir er í landi Brúna mun umferð hrossa um Laugalandsbrekkuna vera fjarri bílaumferð á Miðbraut sem og fjarri göngu- og hjólastíg GH2 sem fyrirhugaður er norðan við Miðbraut. Í sama kafla kemur fram markmið um að umferðaröryggissjónarmið ráði mestu um val á leiðum fyrir hestaumferð og miðar fyrrgreind breyting að því marki. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að leggur RH7 frá afleggjara í landi Brúna að vegamótum Eyjafjarðarbrautar haldi sér á skipulagi með hliðsjón af mögulegri reiðleið lengra til norðurs seinna meir.

*Breyting á greinargerð*

Breyting verður á lýsingu fyrir RH7 í töflu yfir héraðsreiðleiðir í greinargerð.

| Númer vegar | Lýsing |
|---|---|
| RH7 | Frá Miðbraut (823) og skáhalt upp Laugalandsbrekkuna og að Eyjafjarðarbraut eystri (829) skammt norðan afleggjara að Brúnum. Þaðan til suðurs meðfram Eyjafjarðarbraut eystri að Stíflubrú og að stofnleið RS2. Einnig tenging frá afleggjara norðan Brúna og norður að gatnamótum Miðbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri. |

*Breyting á skipulagsuppdrætti*

Nyrsta hluta héraðsreiðleiðar RH7 er hliðrað yfir á reiðveg sem fyrir hendi er í landi Brúna og liggur skáhallt upp Laugalandsbrekkuna, meðfram túni að afleggjara við Eyjafjarðarbraut eystri. Fyrri merking reiðleiðar RH7 frá afleggjara við Eyjafjarðarbraut eystri að Miðbraut heldur sér með tilliti til mögulegrar reiðleiðar lengra til norðurs seinna meir.

*Umhverfisáhrif*

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem einungis er verið að hliðra litlum hluta héraðsreiðleiðar inn á reiðveg sem er þegar er fyrir hendi. Tengingin hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi hestamanna og akandi umferðar.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLS- MEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN 20. maí 2021

[signature]

SVEITARSTJÓRI EYJAFJARÐARSVEITAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN 17. nóv 2022

[signature]

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI - BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR

STAÐSETNING BREYTINGAR



Grunnkort: Landmælingar Íslands

Myndmældur hæðarlínugrunnur

Hnitakerfi: Lambert

Hnattstaða: ÍSNET 93

Mælikvarði A3: 1:15.000

N

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar

Unnið af: Landslag ehf

LANDSLAG

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030
Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar
Breyting á aðalskipulagi: Héraðsreiðleið RH7
Dags: 11. jan. 2022